

Reykjavík, 26. september 2019

Forsætisráðuneytið
Skrifstofa löggjafarmálefna
Sigurður O. Guðleifsson
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta, nr. 58/1998 (leyfisveitingar, málsmeðferð o.fl.) Mál nr. 222/2019.

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, þakka tækifærið til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Við erum aðeins með eina ábendingu sem snýr að nýtingu náma og annarra jarðefna. Í frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir að sú breyting verði gerð á lögnum að leyfi til nýtingar náma og annarra jarðefna flytjist frá ráðherra til sveitarfélaga en þó þannig að samþykki ráðherra þarf til.

Áfram er gert ráð fyrir því að leyfi ráðherra þurfi til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi og vindorku innan þjóðlenda nema mælt sé fyrir um annað í lögum. Ástæða er til að benda á að virkjunarframkvæmdir kalla iðulega á nýtingu náma og jarðefna þó í mismiklu mæli sé eftir því hver virkjunarkosturinn er, en getur verið umtalsverð, t.d. við stíflugerð o.s.frv.

Viljum við benda á að samhliða veitingu nýtingarleyfa í vatns-, jarðhita- og vindorku ætti ráðherra að vera heimilt að innifela samhliða þá námu og jarðefnanýtingu sem nauðsynleg er vegna virkjunarframkvæmda. Ekki sé nauðsynlegt að sækja um sérstakt leyfi vegna þess til viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga enda sé nýtingin bundin við viðkomandi framkvæmd.

Að öðru leyti vísar Samorka til umsagna einstakra aðildarfélag sinna.

Virðingarfyllst,

f.h. Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur